260. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs., haldinn á skrifstofu byggðasamlagsins, mánudaginn 30.mars 2009 klukkan 07.30

Mættir eru:

Herdís Sigurjónsdóttir, Páll Hilmarsson, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Sigurbjörn Rafn Úlfarsson, Þór Sigurgeirsson, Ómar Stefánsson, Guðfinna Guðmundsdóttir.
Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, skrifstofustjóri Sigríður B. Einarsdóttir og yfirverkfræðingur Bjarni G. Hjarðar.
Verkefnisstjóri svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs Ögmundur Einarsson.

Tekið fyrir:

.

1. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.
   Endurskoðun „Svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs " er lokið og kynnti formaður verkefnisstjórnar Ögmundur Einarsson athugasemdir sem bárust við kynningu og svör verkefnisstjórnar við þeim.

   Lokadrög skýrslunnar voru lögð fram auk bréfs frá verkefnisstjórninni dagsett 25.3.2009. Stjórn SORPU bs. samþykkir endurskoðaða svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Suðvesturlandi 2009-2020 fyrir sitt leyti og leggur til að aðildarsveitarfélögin staðfesti hana .

   Stjórn tekur fram að með staðfestingu áætlunarinnar felast engar skuldbindingar um framkvæmdir né framkvæmdartíma. Slíkar ákvarðanir verða teknar sérstaklega á hverjum tíma og áréttað að móttöku-og umhleðslustöðvar í einstökum landshlutum verða áfram á hendi hvers svæðis fyrir sig.

   Stjórn SORPU bs. þakkar verkefnisstjórninni sérstaklega fyrir vönduð og fagleg vinnubrögð og Ögmundi Einarssyni formanni verkefnisstjórnar eru þökkuð vel unnin störf. Ögmundur Einarsson formaður verkefnisstjórnar lýkur starfsferli sínum með starfi í verkefnastjórninni 31.3.2009 að eigin ósk og vill stjórn SORPU þakka honum fyrir mikið og mikilvægt framlag til greinarinnar á liðnun áratugum og brautryðjandastarf í úrgangsmálum á Íslandi.

2. Endurskoðuð rekstraráætlun fyrir árið 2009
   Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir drög að endurskoðaðri rekstraráætlun fyrir árið 2009 auk minnisblaðs dagsettu 25.3.09 þar að lútandi.

Í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir enn frekari hagræðingu frá áætlun dagsettri 17.11.2009.
Frekari áform varðandi fjárfestingar verða teknar á næstu mánuðum.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að uppfæra forsendur magntalna heimilisúrgangs í fjárhagsáætlun í samræmi við rauntölur rekstrar það sem af er ári.
Forsendur rekstaráætlunar gerðu ráð fyrir að greiðslur sveitarfélaganna vegna heimilisúrgangs yrði ekki hærri en greiðslur ársins 2008, miðað við 10% samdrátt í magni og áætlaðar vísitölubreytingar.
Nú er ljóst að magntölur eru breyttar og felur stjórn framkvæmdastjóra að upplýsa sveitarfélögin um nettóstöðu þeirra miðað við síðasta ár og hver staðan er miðað við áætlun um afslætti þeirra sem kynnt var sveitarfélögunum í nóvember sl.

Vinna skal áfram að aukinni hagræðingu í rekstri með það að leiðarljósi m.a.hallalausan rekstur SORPU bs og að starfsöryggi starfsmanna verði tryggt.

3. <u>3ja ára áætlun</u>
Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir drög að þriggja ára áætlun SORPU bs fyrir árin 2010 - 2012 auk minnisblaðs dagsettu 25.3.09 þar að lútandi. Málið rætt.
Stjórn samþykkir áætlunina samhjóða.

4. <u>Niðurstaða útboðs á byggingu endurvinnslustöðvar í Hafnarfirði.</u>
Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir minnisblað dagsett 26.3.2009. Þar kemur fram að eftirtalin gild tilboð voru lægst í ofangreindu útboði (alls bárust 38 gild tilboð).

Fagport ehf	85.259.094	60.6% af kostnaðaráætlun
Jarðvirki ehf	90.284.213	64.2% af kostnaðaráætlun
Alefli ehf	98.825.921	70.3% af kostnaðaráætlun
Hannes Jónsson ehf/Rein sf.	98.949.875	70.4% af kostnaðaráætlun
BJ-Verktakar ehf	99.000.000	70.4% af kostnaðaráætlun

Stjórn samþykkti að ganga til viðræðna við Fagport ehf., á grundvelli tilboðs.

5. <u>Móttaka á raftækjaúrgangi / skilakerfi raf–og rafeindatækjaúrgangs.</u>
Málið rætt og framkvæmdastjóra falið að afla frekari gagna um málið

6. <u>Önnur mál.</u>
   a) Skýrsla um endurskoðun á ársreikningi SORPU bs. 2008 frá Grant Thornton lögð fram.
   b) Stjórn kynnt að við fall SPRON sem var viðskiptabanki SORPU bs mun SORPA flytja þau viðskipti sem voru í SPRON yfir í Kaupþing og BYR um sinn.
   c) Stjórn kynnt að aðalfundur FENÚR verður haldinn 3.4.2009 í félagsheimili Seltjarnarness.
   d) Framkvæmdastjóri kynnir stöðu á söfnun á plasti sem hófst 1.1.2009.

e) Framkvæmdastjóri greinir frá því að búið sé að taka í notkun nýtt innheimtu-/greiðslukerfi á endurvinnslustöðvunum sem ætlað er að greiða fyrir umferð og auka tekjur.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundarritari: Sigríður B. Einarsdóttir.

Herdís Sigurjónsdóttir	Sigurbjörn Rafn Úlfarsson
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson	Guðfinna Guðmundsdóttir
Páll Hilmarsson	Þór Sigurgeirsson
Ómar Stefánsson	Björn H. Halldórsson
Bjarni G.P. Hjarðar	